

Persónuverndarstefna og upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga

1. Hvað er persónuverndarstefna?

1.1. Í persónuverndarstefnu okkar útskýrum við hver ber ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað þegar þú pantar vörur eða þjónustu frá okkur. Við lýsum því einnig hvaða þætti persónulegra gagna um þig er verið að vinna þegar þú veitir okkur upplýsingar við ýmsar aðstæður, hvernig við vinnum persónuupplýsingar, hvers vegna við gerum það og hvaða lagalegan grundvöll við notum til að réttlæta vinnsluna, ásamt því að útskýra hvaða þriðju aðilar kunna að vinna persónuupplýsingar um þig svo að við getum útvegað þá vöru og þjónustu sem þú hefur pantað. Þú færð einnig upplýsingar um réttindi þín varðandi vinnslu okkar á persónugögnum og hvernig þú ferð að því að framfylgja réttindum þínum.

2. Mikilvægir skilmálar og hugtök

2.1. Hér eru nokkrir mikilvægir skilmálar og hugtök sem kunna að vera gagnleg til að öðlast ýtarlegri skilning á persónuverndarstefnu okkar:

- a) „Persónuleg gögn“ merkir allar upplýsingar sem varða auðkennda eða persónugreinanlega einstaklinga. Persónugreinanlegur einstaklingur er persóna sem hægt er að greina beint eða óbeint með tilvísun til gagnabátta, til dæmis nafns, kennitölu, upplýsinga um staðsetningu, auðkenni á netinu á borð við IP-tölu, eða eins eða fleiri þátta sem eru sértækir með vísan til líkamlegra, lífeðlisfræðilegra, erfðafræðilegra, sálfræðilegra, fjárhagslegra, menningarlegra eða félagslegra auðkenna viðkomandi einstaklings.
- b) „Vinnsla“ merkir mælingar eða samsetningu ráðstafana sem varða persónuleg gögn, svo sem söfnun, skráningu, uppröðun, skipulagningu, geymslu, aðlögun eða breytingu, vinnslu, lestur, notkun, miðlun með flutningi, annars konar dreifingu eða ráðstafanir, leiðréttingu eða söfnun, takmörkun, eyðingu eða eyðileggingu.
- c) „Zinzino Partner (samstarfsaðili)“ þýðir einstaklingur eða fyrirtæki á skrá hjá Zinzino sem endurselur vörur Zinzino.

3. Hver ber ábyrgð á vinnslunni?

3.1. *Zinzino EHF* er gagnastjóri vinnslunnar. Í þessum texta er vísað til *Zinzino EHF* sem „við“ en til þess sem pantar vörur og þjónustu frá okkur eða hefur sýnt áhuga á að panta vörur og þjónustu frá okkur, er vísað sem „þú“.

4. Almenn um vinnslu okkar á persónulegum gögnum

4.1. Við vinnum persónugögn um þig eingöngu eins og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 5. kafla hér að neðan. Auk þess erum við með verklagsreglur um hvernig við vistum og fjarlægjum persónugreinanlegar upplýsingar úr persónulegum gögnum til þess að tryggja stöðugt að persónuleg gögn séu nægileg og viðeigandi á öllum tímum.

Hvaðan eru gögnin fengin

4.2. Upplýsingunum er safnað beint frá þér þegar kaupin eru gerð og þú þarft að útvega upplýsingarnar sem við biðjum um á pöntunareyðublaðinu svo við getum unnið úr pöntuninni. Þess vegna er nauðsynlegt að veita umbeðnar upplýsingar svo við getum gert samning við þig.

5. Hvaða persónuleg gögn við vinnum um þig og hvers vegna og tengd mál

Við vinnum persónuleg gögn svo hægt sé að afhenda þér vörur og þjónustu

5.1. Þegar þú pantar vörur eða þjónustu frá okkur, gerir þú samning við okkur. Því skráum við allar persónulegar upplýsingar sem þú gefur okkur í tengslum við gerð pöntunar, svo sem nafn þitt, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer og upplýsingar um hvernig þú hafðir samband við okkur, til dæmis IP-tölu, í því skyni að uppfylla skuldbindingar samningsins við þig en einnig til að vinna pöntun og/eða áskrift þína, afhenda þér vöru og þjónustu sem hefur verið pöntuð, hafa umsjón með greiðslum og annast og uppfylla alla þjónustuskyldur við viðskiptavini vegna keyptrar vöru. Þær gerðir persónulegra upplýsinga sem eru veittar í tengslum við pantanir eru nefndar „pöntunargögn.“

5.2. Pöntunargögnin sem við söfnum til að geta unnið úr og að öðru leyti annast pantanir þínar verða sett í vinnslu í því skyni að uppfylla samninginn við þig á meðan viðskiptasamband okkar er í gildi og á því tímabili sem við berum ábyrgð á skuldbindingum okkar.

Við vinnum persónuleg gögn þegar aðrir nota vefsíðu okkar

- 5.3. Þegar þú notar vefsíðu okkar söfnum við sjálfkrafa og vinnum tæknilegar upplýsingar, þar á meðal IP-tölu, innskráningarupplýsingar, gerð og útgáfu stýrikerfis og tækis, tíma, valið tungumál, vefkökur o.s.frv., og tímann sem fer í gerð pantana, áslátt á lyklaborð o.s.frv. Við vísum til þannig persónulegra gagna, sem gefin eru upp í tengslum við notkun vefsíðunnar okkar, sem "notendagagna."
- 5.4. Notendagögn þín eru unnin í því skyni að veita þér rétt til innskráningar og að nota notandareikning þinn á heimasíðu okkar, tryggja hver þú ert og aldur þinn, hafa nákvæmar og dagréttar upplýsingar um þig svo þú getir fylgst með og stjórnað pöntunum í vinnslu, til að geta stjórnað vali með tilliti til stillinga og greiðsluupplýsinga, til að aðstoða við frekari þróun og úrbætur á vefsetri okkar og tölvukerfum sem notuð eru til að veita hana, ásamt því að geta afhent þér vöru og þjónustu sem þú hefur pantað samkvæmt almennum skilmálum og skilyrðum. Notendagögn um þig sem við höfum safnað verða vistuð jafn lengi og pöntunargögn okkar um þig sem við vinnum.

Við vinnum persónuleg gögn til að veita þér aðild að „Zinzino4Free“ áætluninni og til að tilkynna samstarfsaðilum okkar um umboðslaun o.s.frv.

- 5.5. Við vinnum einnig persónuupplýsingar þínar og upplýsingar um það sem þú hefur pantað og greitt til að stjórna aðild þinni að „Zinzino4Free“ forritinu og getum einnig unnið úr persónugögnum þínum til að gefa skýrslu til Zinzino Partners varðandi umboðslaun og punkta vegna sölu til þín ef þér hefur verið vísað til okkar með eða þú á annan hátt valið að tengjast Zinzino Partners.
- 5.6. Þau persónulegu gögn sem unnin eru innan ramma "Zinzino4Free" áætlunarinnar eru unnin eins lengi og þú velur að vera áfram aðili að viðskiptaklúbbum, í þeim tilgangi að uppfylla aðildarsamning okkar.
- 5.7. Upplýsingarnar, sem unnar eru í því skyni að geta tilkynnt Zinzino samstarfsaðilum okkar um umboðslaun og punkta varðandi sölu til þín, eru vegnar og metnar á grundvelli hagsmuna þar sem við metum það svo að hagsmunir okkar af því að uppfylla tilkynningaskyldu okkar til viðkomandi Zinzino Partners séu lögmætir hagsmunir sem þýðir að vinnsla er leyfileg. Þessi gögn skulu unnin að hámarki í 12 mánuði eftir að viðskiptasambandinu lýkur.

Við vinnum persónuleg gögn svo hægt sé að kynna þér vörur okkar og þjónustu

- 5.8. Að lokum vinnum við persónuleg gögn þín í markaðslegum tilgangi, með öðrum orðum svo hægt sé að kynna þér vörur okkar og markaðssetja þær.
- 5.9. Jafnvel þótt gögnin séu unnin í markaðslegum tilgangi, byggist það á því að veita og meta hagsmuni þar sem við metum það svo að áhugi okkar á að markaðssetja vörur okkar til þín sé það lögmætur áhugi að það þýði að vinnsla er leyfileg. Slík úrvinnsla vegna markaðssetningar mun eiga sér stað að hámarki í eitt ár eftir að viðskiptasambandi okkar lýkur.

Gögn sem við þurfum að vinna úr lögum samkvæmt

- 5.10. Til viðbótar framangreindu er okkur heimilt að vinna persónuupplýsingar til að uppfylla lögbundnar skyldur, t.d. um bókhaldsskyldu að því umfangi og á því tímabili sem tilgreint er í lögum.

6. Samþykki til tiltekinnar vinnslu og „rétturinn til að gleymast“

- 6.1. Þér gæti öðru hverju einnig boðist tækifæri til að veita okkur viðbótarupplýsingar um þig, aðrar en þær sem tilgreindar eru hér að ofan, um heimasíðu okkar, svo sem að senda inn mynd af þér eða taka þátt í kynningum o.s.frv. Allar upplýsingar sem þú gefur okkur og sem ekki verða notaðar í öðrum tilgangi eins og fram kemur hér að ofan verða unnar eftir samþykkis þíns hefur verið aflað. Nú á þetta við um a) myndir sem þú hleður inn á vefsíðuna okkar, þar til þú dregur til baka samþykki þitt eða þar til reikningi þínum hjá okkur er eytt (til dæmis vegna þess að langur tími er liðinn frá síðustu pöntun þinni) og b) með tilliti til kynningarátaka þar til vinningshafinn hefur verið tilkynntur og verðlaunin í kynningunni hafa verið afhent. Takir þú þátt í kynningum okkar samþykkir þú einnig að nafn þitt og mynd verði opinberlega birt á vefsíðu okkar, ef þú ert einn af vinningshöfum kynningarátaks.

Réttur þinn til að afturkalla samþykki

- 6.2. Hvað varðar persónuleg gögn þín og svo lengi sem persónuupplýsingar eru *eingöngu* unnar á grundvelli samþykkis þíns er þér heimilt að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við okkur. Ef samþykki þitt liggur fyrir í slíku tilviki er þeim persónuupplýsingum eytt sem við vinnum úr eingöngu á grundvelli samþykktar notanda („rétturinn til að gleymast“). Séu gögnin jafnframt unnin í öðrum tilgangi verða þau því ekki lengur unnin í tilgangi þar sem úrvinnslan byggist á samþykki þínu.

7. Hvernig við vinnum úr upplýsingunum þínum og hverjum þær gætu verið fengnar í hendur

- 7.1. Persónuleg gögn sem við vinnum um þig verða fyrst og fremst unnin hjá Zinzino og hjá fyrirtækjum í samsteypu okkar, en viðeigandi hluta þeirra má þó afhenda þeim samstarfsaðilum sem eiga að fá þóknun eða punkta af sölu til þín, svo og þeim fyrirtækjum sem aðstoða okkur við framleiðslu og dreifingu á vörum og þjónustu, svo sem póstsendinga- og flutningafyrirtækja og annarra söluaðila/birgja. Við nýtum einnig undirverktaka, til dæmis þá sem bjóða upp á þjónustukerfi fyrir viðskiptavinum, og fá þeir aðgang að persónubundnum gögnum sem úrvinnsluadili persónulegra gagna fyrir okkar hönd.
- 7.2. Zinzino veitir ekki öðrum fyrirtækjum ekki persónulegar upplýsingar í markaðslegum tilgangi.

8. Hvar er persónugögn þín geymd?

- 8.1. Persónuleg gögn þín eru einkum vistuð í grunnvirkjum upplýsingatækni sem eitt gagnavinnsluafyrirtækja okkar veitir. Persónuupplýsingarnar eru fyrst og fremst unnar og geymdar innan ESB/EES, með þeim undantekningum sem fram koma hér að neðan.

9. Gögn unnin utan ESB/EES

- 9.1. Zinzino nýtir sér þjónustu gagnavinnsluaðila persónulegra gagna sem annast þjónustukerfi fyrir viðskiptavinum, sem og birgja og dreifingaraðila utan ESB/EES. Því verða persónugögn þín send til Bandaríkjana og Kanada í tengslum við þessa úrvinnslu.
- 9.2. Hvað Kanada varðar hefur Framkvæmdastjórn ESB skorið úr um að þannig sé á fullnægjandi hátt unnið að vernd persónuupplýsinga og úrvinnslan því talin vera áreiðanleg. Hvað úrvinnslu í Bandaríkjunum varðar hefur engin ákvörðun enn verið tekin um fullnægjandi stig persónuverndar. Þess í stað höfum við undirritað samkomulag við fyrirtækin sem vinna úr persónugögnum þínum sem gagnavinnsluaðilar á okkar vegum, eða sem sameiginlegur eftirlitsaðili með gögnum (hið síðarnefnda á við um samstædufyrirtæki Zinzino í Bandaríkjunum) í samræmi við stöðluð samkomulagsákvæði sem unnin voru af Framkvæmdastjórn ESB og álitin eru tryggja persónuvernd á fullnægjandi hátt. Ef þú óskar eftir því getur þú fengið afrit af samkomulagi við þessi fyrirtæki með því að hafa samband við okkur. Nánari upplýsingar um stöðluð samningsákvæði ESB er að finna á t.d. https://ec.europa.eu/info/Law/Law-Topic/Data-Protection/Data-Transfers-Outside-eu/Model-contracts-Transfer-Personal-Data-Third-countries_sv.

10. Réttindi þín varðandi aðgengi að upplýsingum sem við vinnum úr

- 10.1. Þú átt rétt á að fá tilkynningu um og upplýsingar um gögnin sem við vinnum um þig ásamt afriti af gögnunum (án endurgjalds) með því að hafa samband við okkur. Hins vegar munum við rukka umsýslugjald sem samsvarar þeim kostnaði sem verður til við að framleiða og útvega þér viðbótareintökin fyrir öll eintök fram yfir það sem þú átt rétt á að fá án endurgjalds.

11. Réttur þinn til leiðréttingar á röngum gögnum og eyðingu gagna

- 11.1. Ef þú telur að einhver gögn um þig séu röng er þér heimilt að fara fram á að upplýsingarnar verði leiðréttar eða þeim eytt. Ef slíkar aðstæður koma upp, hafðu þá vinsamlegast samband við okkur og láttu vita hvaða upplýsingar þú telur vera rangar og hvers vegna það ætti að leiðrétta þær eða fjarlægja.

12. Réttur þinn til að mótmæla tiltekinni úrvinnslu

- 12.1. Þú átt rétt á mótmæla þeim hluta vinnslu okkar á persónubundnum gögnum sem byggist á því að „vega og meta hagsmuni“. Nánari upplýsingar um þá vinnslu sem þetta á við er að finna í köflum 5.7 og 5.9 hér að ofan.
- 12.2. Hvað er varðar vinnslu persónuupplýsinga í markaðslegum tilgangi er þér heimilt að andmæla þeim á hverjum tíma. Sé það gert verða persónugögn þín ekki lengur unnin í markaðslegum tilgangi. Ef þú andmælir annarri notkun munum við íhuga það gagnvart ástæðum þess að við verðum að halda áfram með vinnslu persónuupplýsinga.
- 12.3. Hafðu samband við okkur ef þú vilt leggja fram einhver andmæli gegn einhverjum hluta þeirrar vinnslu sem á sér stað á grundvelli þess að veга og meta hagsmuni.

13. Réttur þinn til takmörkunar á aðgengi

- 13.1. Þú getur einnig farið þess á leit að vinnsla persónugagna þinna verði takmörkuð (fryst), metir þú það svo að persónulegu gögnin sem unnin eru séu ekki rétt, ef úrvinnslan yrði ólögleg/ólögmæt eða ef við þurfum ekki lengur að varðveita gögnin eða vinna úr þeim en ef þú þarfnast þeirra engu að síður til að geta lagt fram lagalega kröfu eða hefur andmælt vinnslu, og þar til við höfum brugðist við andmælum þínum.

14. Réttur þinn á færnanleika gagna

- 14.1. Þér er heimilt að afla þér þeirra persónulegu gagna um þig sem þú lést okkur í té á skipulegan hátt sem er almennt nýttur og á tölvulesanlegu formi til þess að geta flutt upplýsingarnar til annarra gagnavinnsluaðila. Þetta á aðeins við um þær upplýsingar sem þú hefur sjálf/ur veitt okkur og aðeins þegar úrvinnsla byggist á samþykki þínu eða í þeim tilgangi að standa við samning við þig. Hafðu vinsamlegast samband við okkur ef þú vilt fá persónugögn þín með þessum hætti.

15. Réttur þinn til að leggja fram kvörtun

- 15.1. Við hjá Zinzino tökum friðhelgi einkalífs þíns mjög alvarlega. Við erum því mjög ánægð að persónugögn þín séu alltaf unnin á réttan og öruggan hátt. Ef þú hefur einhverjar athugasemdir um afgreiðslu okkar eða úrvinnslu persónulegra gagna skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur.
- 15.2. Ef þú telur er að vinnsla okkar á persónuupplýsingum sé röng á einhvern hátt hefur þú rétt á að leggja fram kvörtun hjá Integritetsskyddsmyndigheten/persónuvernd Svíþjóðar (áður Datainspektionen), sem er eftirlitsstjórnvald fyrir mál af þessu tagi. Nánari upplýsingar er að finna á www.datainspektionen.se.

16. Ekki hika við að hafa samband við okkur

- 16.1. Tengslaupplýsingar okkar eru: Zinzino EHF (5805110660), Hulda Mellgrens gata 5, 421 32 Västra Frölunda, Svíþjóð.
- 16.2. Hægt er að ná í þjónustuver okkar í síma: +354 546 96 10 eða með tölvupósti á: customer.is@Zinzino.com.